

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 159/2001**

**frá 11. desember 2001**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 120/2001 frá 28. september 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun ráðsins 2001/23/EB fellir úr gildi tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar<sup>(3)</sup> sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32c (tilskipun ráðsins 2000/79/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32d. **32001 L 0023:** Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar (Stjtið. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 61, 5.3.1977, bls. 26.

2. gr.

Texti 23. liðar (tilskipun ráðsins 77/187/EBE) í XVIII. viðauka falli brott.

3. gr.

Texti tilskipunar 2001/23/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**B. Grydeland**  
formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.